



Öldungaráð Hafnarfjarðar

3. Stjórnarfundur haldinn þriðjudaginn 15.mars 2016 kl 16:00 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mættir: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Guðmundur Fylkisson, Lilja E. Kristjánsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Jóhanna Axelsdóttir og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

Dagskrá:

Eftir er að fara í heimsóknir t.d. Hrafnistu í Boðapingi og Ísafold.

Farið yfir skilgreiningu á þjónustuíbúðum. Annars vegar skv. Lögum um málefni aldraðra og hins vegar reglum Reykjavíkurborgar um þjónustuíbúðir.

Öldungaráð telur að það vanti fleiri þjónustuíbúðir í Hafnarfirði fyrir eldri borgara.

Öldungaráð óskar eftir því að Fjölskylduráð vinni að gerð reglna um þjónustuíbúðir. Reglur um þjónustuíbúðir verði samræmdar öðrum reglum um þjónustuíbúðir sem í gildi eru á höfuðborgarsvæðinu.

Brúkum bekkir: Fundur með Helgu Stefánsdóttur í Þjónustumiðstöð. Bekkir síðan í fyrra fóru ekki í dreifingu. Bekkirnir eru geymdir á geymslusvæði á Norðurhellu. Eftir er að koma bekkjunum fyrir á hentugum stöðum t.d. Suðurholti, Hringbraut að kirkjugarði, við Reykdalsstífluna og á Völlunum.

Aðstaða til göngu í Ásvallalaug. Öldungaráð óskar eftir því að það verði kannað hvort að gönguferðir í röku lofti séu hollar t.d. fyrir astmasjúklinga.

Ljóst er að fullt er í sundleikfimi í Ásvallalaug tvisvar í viku. Öldungaráð óskar eftir því að kannað verði hvort hægt verði að fjölga dögum þannig að fleiri komist að.

Öldungaráð óskar eftir að fá upplýsingar um akstursþjónustu aldraðra í félagsstarf á öðrum stöðum en eru á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Næsti fundur verður 3.maí.

Önnur mál.

Fundarritari: Sjöfn Guðmundsdóttir

Enginn getur allt en allir geta eitthvað